

Því dæmist rjett að vera:

Stefndi, snikkari Gunnar Gunnarsson, á að greiða áfrýjandanum, Sveini snikkara Sveinssyni, fyrir hönd Trjesmiðaffelagsins í Reykjavík, 76 kr. 80 aura og í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr. Um sekt og málskostnað fyrir undirrjetti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans; ella sæti stefndi aðför að lögum.

Mánudaginn 16. aprílmán.

Nr. 10/1888.

Rjettvísinn

gegn

Margrjeti Auðunsdóttur.

D ó m u r :

Eptir að rjettarpróf höfðu verið haldin í Kjósar- og Gullbringusýslu út af ýmislegum þjófnaði, frömdum í Hafnarfirði veturinn 1886 og 1887, fyrir-skipaði antið með brjefi, dags. 4. des. f. á., sakamáls-höfðun gegn hinni ákærðu, Margrjeti Auðunsdóttur, fyrir brot gegn 240. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, svo og annari sakborinni persónu fyrir þjófnað, og var mál það, sem samkvæmt þessari skipun var höfðað gegn hinum ákærðu, dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 27. janúarmán. þ. á., þannig að því er snertir Margrjeti Auðunsdóttur, að hún skyldi sæta fangelsi við vatn og

brauð í 2 daga, og greiða $\frac{1}{4}$ hluta af öllum kostnaði málsins í hjeraði.

Þessum dómi hefur hin ákærða látið skjóta til yfirdómsins. — Með því að málinu eigi hefur verið áfrýjað af hálfu hins opinbera, kemur hjer til skoðunar að eins tilverknaður sá, sem hin ákærða er dæmd fyrir í hjeraði, og sem þannig er frá skýrt í hinum áfrýjaða dómi, að Helga nokkur Jónsdóttir hafi haustið 1886 tvívegis komið til hennar, og fært henni dálítið af matvælum, í síðara skiptið 3 bita af kjöti og 2 bolla af matbaunum, sem hin ákærða hafi tekið við og hagnýtt sjer, þótt Helga eptir fyrirspurn hennar hafi sagt henni, að hún hefði stolið þessum matvælum. Eptir prófum málsins vissi hin ákærða ekkert um það, nje heldur hafði nokkra ástæðu til að gruna það, að matföng þau, er hún tók við í fyrra skiptið hjá Helgu, væru stolin. Á hinn bóginn hefur hún tregðulaust kannast við það, að þegar hún í síðara skiptið veitti móttöku hjá Helgu 3 kjötbitum og 2 bollum af matbaunum, hafi hún spurt hana um, hvernig hún hafi fengið þetta, og hafi Helga þá sagt, að hún hafi stolið því; þrátt fyrir það virðist hin ákærða hafa haft þetta til matar á heimili sínu. — Þegar nú skal kveða á um það, hvort hin ákærða hafi unnið til refsingar í sök þessari, eins og hún er höfðuð, fyrir að hafa tekið við og hagnýtt sjer ofanefnda 3 kjötbita og 2 matbaunabolla, sem verjandi hennar í hjeraði hefur virt á 27 auna, — en engin önnur virðing hefur verið gjörð á þessum matvælum —, þá er það augljóst, að ef hún sjálf hefði stolið þessum matvælum, þá mundi brot hennar hafa heyrt undir 237. gr. hinna almennu hegna-

ingarlaga, en þar sem hún nú að eins hefur gjört sig seka í eptirfarandi hlutdeild í svo löguðu misferli, hefði að rjettu átt að heimfæra brot hennar undir nýnefnda lagagrein, samanborna við 56. gr. hegningarlaganna. Fyrir slíkt brot ber eigi að höfða opinbera málsókn nema því að eins að sá, sem misgjört er við, krefjist þess, en slík krafa er eigi fram komin í málinu, og með því að brot hennar eptir ásigkomulagi þess og atvikum málsins eigi verður kallað hilm-ing í þeim skilningi, sem álita verður að 240. gr. hegningarlaganna leggi í þetta orð, sjer í lagi þegar bornar eru saman refsingarnar eptir 240. gr. og 237. gr., þá ber að sýkna hina ákærðu í máli þessu, og á þá einnig málskostnaður, fyrir undirrjetti að því er hana snertir, og allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, að greiðast úr opinberum sjóði, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda hinnar ákærðu í hjeraði, 6 krónur, og málf lutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða, Margrjet Auðunsdóttir, á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í þessu máli. Allur kostnaður sakarinnar fyrir undirrjetti, að því er snertir hina ákærðu, og allur af áfrýjun málsins leiðandi kostnaður greiðist af almannatje, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjeraði, E. Egilssonar, 6 krónur, og málf lutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutn-

ingsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 krónur til hvors þeirra.

Mánudaginn 23. aprilmán.

Nr. 56/1887.

Kr. Ó. Þorgrímsson
gegn

Þorleifi Jónssyni.

D ó m u r :

Síðastliðið haust höfðaði bóksali Kr. Ó. Þorgrímsson, áfrýjandinn í sök þessari, mál á móti hinum stefnda, ritstjóra Þorleifi Jónssyni, fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar út af grein í „Þjóðólfi“ XXXIX. árgangs 17. tölubl., er út kom 22. aprilmán. f. á., en grein þessa taldi Kr. Ó. Þorgrímsson meidandi fyrir sig. Málið kom fyrst fyrir bæjarþingsrjettinn hinn 22. sept. f. á., en eftir liðlega mánuð eða hinn 27. okt. næst á eftir heimtaði sækjandi, að það væri hafð. Stefndi heimtaði sjer þá endurgoldinn allan þann kostnað að skaðlausu, er leitt hefði af málinu fyrir hann, svo og bætur fyrir ómök og tímatöf út af því, og lagði þá jafnframt fram sundurliðaðan reikning yfir kostnaðinn og ómakslaunin, að upphæð 76 kr. 62 au. Þó að sækjandi þá þegar mótmælti reikningnum að nokkru leyti, var hann þó með dómi bæjarþingsrjettarins, uppkveðnum 10. nóv. f. á., skyldaður til að greiða stefnda nýnefnda upphæð, um leið og dæmt var, að málið skyldi hafð vera. Dómi þessum hefur bóksali Kr. Ó. Þorgrímsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 28. nóv. f. á., og krafizt þess fyrst og fremst, að hann verði al-